

## Tilkynning frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga



Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur verður í leyfi frá störfum við heilsugæslustöðvar í Reykjahlíð og á Laugum til 1. desember 2012. Hún mun einungis sinna störfum við framhaldsskólann á Laugum. Starfandi hjúkrunarfræðingur í Mývatnssveit í fjarveru Dagbjartar er María Sigurrós Ingadóttir. Opnunartími Lyfju og viðtalstímar hjúkrunarfræðingis er óbreyttir frá síðustu auglýsingu og áfram verður lokað á miðvikudögum.

Með von um áframhaldandi gott samstarf ☺



## ZUMBA - ZUMBA - ZUMBA

Hvernig væri að standa upp og hrista sig aðeins?

Verð í íþróttahúsinu Laugum mánudag, þriðjudag og miðvikudag nk. 1.2. og 3. okt, með Sjóðheita Zumatíma kl 16:00 - 17:00 alla dagana  
Frábærir tímar - brennsla og styrkur - hiti og sviti - gleði og gaman við hressandi tónlist!  
Þú þarft engan grunn, hver og einn ræður sínu álagi - bara mæta og njóta!!  
Verð 3.500 kr allir 3 tímarnir, 1.500 kr stakur tími. Hlakka til að sjá alla, konur og kalla:)

Nánari upplýsingar og skráning í síma 696-3757 Ingunn M.  
Hallgrímsdóttir Zumba og Danskennari



## Söngglaðir karlmenn A.T.H.

Vetrarstarf Karla kórsins Hreims hefst miðvikudagskvöldið 3. október. Við viljum styrkja kórinn enn meira og leitum eftir nýjum áhugasömum söngmönnum.  
Ef áhugi og löngun er til staðar endilega hafið samband við Bjarna á Mánárbackka í síma 898-0424 eða 464-2424.

### Sérkenni veðurfars í S-Þing - miklar andstæður frá fjöru til fjalla.

Áður auglýstur fyrirlestur Einars Sveinbjörnssonar um veðurfar í Þingeyjarsýslu sem vera átti þann 11. september s.l. verður í Dalakofanum á Laugum þriðjudagskvöldið **2. október** klukkan **20:00**. Erindið er hið fyrsta í röð nokkurra fræðsluerinda sem flutt verða í vetur á vegum Urðarbrunnar undir heitinu *Visindi á virkum degi*. Þá má benda áhugasólki um veðurfar á að á heimsíðu Þingeyjarskóla á Litlulaugum; [www.litlulaugaskoli.is](http://www.litlulaugaskoli.is) er að finna flipa sem ber heitið **Veðurstöð**. Þar er að finna ýmsarupplýsingar um veðurfar á Laugum.  
Aðgangur að erindi Einars er ókeypis og heitt verður á könnunni. Allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.


## Vetrarstarfið er að hefjast há Söngfélaginu Sálubót!

Aðalfundur kórsins og fyrsta söngæfing verður þriðjudagskvöldið 2. október kl. 20:30 í Stórutjarnaskóla.  
Venjuleg aðalfundarstörf, vetrarstarfið rætt.  
Að loknum aðalfundi verður fyrsta söngæfing vetrarins.

Nýir félagar og eldri hjartanlega velkomnir í allar raddir

Nánari upplýsingar veita  
Jaan s. 464 3423/865 8979 og  
Rúnar s. 464 3380/861 3382





## Frá Stórutjarnaskóla

Vikan 1. – 5. október nk. er hin svo kallaða **hreyfivika** en henni er ætlað að efla hreyfingu sem hluta af heilbrigðum lífsstíl. Af þessu tilefni verður opinn fundur um barna- og unglingastefnu ÍSÍ haldinn **mánudagskvöldið 1. október nk. kl. 20.00 í Stórutjarnaskóla.**

Fundartími er áætlaður ca. 90 mín. og mun Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ kynna stefnuna.

Fundurinn er öllum opinn og eru forráðamenn íþróttafélaga, þjálfarar og foreldrar barna sem stunda íþróttir sérstaklega hvattir til að mæta.

**Jafnframt viljum við minna á nýju líkamsræktaraðstöðuna í skólanum, íþróttasalinn og sundlaugina, en öll þessi aðstaða stendur almenningi opin til hreyfingar og líkamsræktar.**

*Með góðri kveðju,  
skólastjóri*

## Ákall eftir fjárframlögum í Velferðarsjóð Þingeyinga !

Kæru Þingeyingar,  
Velferðarsjóður Þingeyinga óskar eftir fjárframlögum í sjóðinn. Jólamánuðurinn er sá tími sem flestir leita til sjóðsins eftir aðstoð og mikilvægt að sjóðurinn geti annað þeirri þörf sem er til staðar. Velferðarsjóður Þingeyinga hefur starfað frá því í desember 2008 og fram til dagsins í dag hefur sjóðurinn úthlutað hátt í 5,5 milljónum til einstaklinga og fjölskyldna í Norður- og Suður Þingeyjarsýslum. Allt hefur þetta verið hægt með framlögum sem hafa borist frá félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum vítt og breitt af svæðinu. Um leið og við viljum þakka styrktaraðilum sjóðsins á liðnum árum fyrir rausnarleg framlög, óskum við eftir stuðningi og framlögum frá þeim sem eru aflögu færir og vilja láta gott af sér leiða. Hægt er að hafa samband við sjóðinn með því að senda póst á: rkihusavik@simnet.is.

**Hægt er að leggja fjárframlög til sjóðsins á bankareikning nr. 1110-05-402610, kt. 600410-0670.**

Með von um góðar viðtökur - Velferðarsjóður Þingeyinga

39.tbl.  
27. september  
2012  
19. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Til sölu hreinræktaðir Border Collie hvolpar undan frábærum smalahundum ! Faðirinn heitir Taff og er innfluttur frá Englandi og móðirin er Blíða frá Laufási.

Þau eru bæði miklir vinnuþjarkar og hefur Taff m.a orðið smalamestari Skotlands og Íslands.

Hvolparnir afhendast ca. 20. okt. bólusettir og með ættbók frá Smalahundafélagi Íslands.

Upplýsingar á [doladottir@gmail.com](mailto:doladottir@gmail.com) eða í síma 823-0811/461-4762.

## DALAKOFINN

Laugardaginn 6. október fer næsta umferð af **Dalavari** fram. Hvetjum alla til að mæta og skemmta sér í góðum félagsskap.

### Boltinn í beinni:

Laugardagur 29. sept Arsenal - Chelsea	kl. 11:45
Laugardagur 29. sept Breiðablik – Stjarnan	kl. 14:00
Laugardagur 29. sept Man. Utd. - Tottenham	kl. 16:30
Sunnudagur 30. sept Aston Villa – West Brom	kl. 15:00

Við höfum nú fengið sendingu af frábærum saltfiski og fiskibollum. Við minnum einnig á okkur sígildu pizzur og vekjum athygli á að veitingastaðurinn og verslunin eru alltaf opin samtímis.

Hlökkum til að sjá þig í allan vetur!

**Útibú ehf./Dalakofinn**

**s. 464-3344**